

Jafnlaunastefna Haga hf.

Jafnlaunastefna Haga hf. er órjúfanlegur hluti af launastefnu og gildir fyrir alla starfsmenn félagsins. Stefna Haga hf. er að öðlast endurnýjun jafnlaunastaðfestingar á þriggja ára fresti í samræmi við 8. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna svo fremi sem meðalfjöldi starfsmanna Haga hf. sé innan tilskilinna marka hverju sinni til þess að geta gengist undir jafnlaunastaðfestingu. Hagar hf. fylgja ákvæðum laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki Haga hf. þau réttindi sem koma fram í 6. gr. laganna.

Hagar hf. greiða laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um menntun/þekkingu, hæfni og ábyrgð. Það er stefna Haga hf. að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá félaginu. Um skilgreiningu á launum og kjörum vísast til 9. og 10. mgr. 2. gr. og 19. gr. fyrrnefndra laga. Hagar hf. fylgja öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma. Launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar og vel rökstuddar.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni hafa Hagar hf. skuldbundið sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins sem stenst skoðun Jafnréttisstofu og skal vottuð sem viðurkennd jafnlaunastaðfesting í samræmi við 8. gr. laga nr. 150/2020. Hagar hf. hafa innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess, óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Launagreiningar eru framkvæmdar með reglubundnum hætti þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort kynbundinn launamunur sé til staðar.

Umsjónarmaður jafnlaunakerfisins ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Haga hf. og sér til þess að kerfið sé skjalfest, innleitt og stöðugt uppfært. Allir stjórnendur eru skuldbundnir til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frábrigðum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu. Stefna þessi skal birt á innri og ytri vef Haga hf.

Forstjóri ber ábyrgð á því að stefnunni sé framfylgt.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar þann 21. nóvember 2025